

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996.

Nr. 319/1996.

Jón Egilsson

(Magnús Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gauta Halldórssyni

(Björn Ól. Hallgrímsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám. Kæruheimild. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. júlí 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 21. ágúst sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 24. júlí 1996, þar sem ógilt er fjárnám, sem sýslumaðurinn á Akranesi gerði 2. maí 1996 hjá varnaraðila að kröfu sóknaraðila fyrir skuld, að fjárhæð 274.625,27 krónur. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðili krefst þess, að framangreint fjárnám verði staðfest og varnaraðila gert að greiða málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn kærði úrskurður er kveðinn upp af Inga Tryggvasyni, settum héraðsdómara.

Í úrskurðinum er ógilt fjárnám hjá varnaraðila fyrir kröfu að fyrrgreindri fjárhæð. Er því ekki fullnægt skilyrði um áfrýjunarfjárhæð í 1. mgr. 152. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með áorðnum breytingum, en því verður beitt um kæru þessa, sbr. 4. mgr. 150. gr. laganna, 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 og dóm Hæstaréttar 19. maí 1994 í máli nr. 176/1994. Verður því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Sóknaraðili greiði varnaraðila kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Jón Egilsson, greiði varnaraðila, Gauta Hall-
dórssyni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.
